

Borgarlistamaður Reykjavíkur

1980 – 2022

Kynning og umræður

Forsaga

Í einhver ár fram til 1995 veitti Reykjavíkurborg ár hvert tveimur listamönnum starfslaun, annars vegar til þriggja ára og hins vegar til eins árs. Sá listamaður sem hlaut eins árs starfslaun var ennfremur útnefndur borgarlistamaður. Afhending starfslaunanna fór fram á afmælisdegi Reykjavíkurborgar 18. ágúst.

Menningarmálanefnd lagði til árið 1995 að reglum um starfslaun yrði breytt þannig að starfslaunum borgarlistamanns - eins árs starfslaunum - yrði breytt í viðurkenningu og að borgarlistamaður yrði útnefndur 17. júní ár hvert.

Tilgangur og markmið

Útnefning borgarlistamanns er heiðursviðurkenning handa reykvískum listamanni sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. Menningar-, íþróttá og tómstundaráð útnefnir borgarlistamann í Höfða þann 17. júní ár hvert.

Heiðurslaunin eru 1.200.000 kr.

Á árunum, 2009 og 2010 voru þau 1,5 m.kr. en lækkuðu árið 2011 í 1 m.kr. Árin 2015 – 2017 voru þau 1,1 m.kr. en hafa verið 1,2 m.kr. frá árinu 2018

Auk heiðurslaunanna fær borgarlistamaður áletraðan stein sem Steinsmiðja S. Helgasonar býr til.

Engar kröfur eru gerðar til borgarlistamanns um sýningar eða annars konar framlag á heiðursárinu.

Tölulegar staðreyndir


23 karlmenn og 22 konur hafa verið útnefnd borgarlistamenn frá árinu 1980.

Útnefnt hefur verið í 43 skipti en tveir aðilar voru útnefndir árin 1982 og 2005.

Ef heiðurslaunin árið 1995, 500.000 kr, eru framreiknuð til dagsins í dag, ættu þau að vera um 1,7 m.kr.

Listgrein	KK	KVK	Samtals	%
Tónlist	6	3	9	19%
Myndlist	11	10	21	44%
Ritlist	4	3	7	15%
Leiklist	1	3	4	8%
Arkitektúr	1	0	1	2%
Kvikmyndagerð	1	0	1	2%
Leikstjórn	1	3	4	8%
Fatahönnun	0	1	1	2%

Skipting á milli listgreina er eftirfarandi:



Aldursskipting:

50 + = 26

//

<49 = 19

Reglur

Núgildandi reglur hafa verið í gildi frá 6. maí 2010

- 1. gr.
Árlega skal veitt úr borgarsjóði viðurkenning til borgarlistamanns Reykjavíkurborgar.
Menningar- og ferðamálaráð útnefni borgarlistamann.
- 2. gr.
Þeir einir listamenn koma til greina við útnefningu borgarlistamanns, sem búsettir eru í Reykjavík.
- 3. gr.
Útnefning borgarlistamanns skal fara fram einu sinni á ári og samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.
- **Greinargerð apríl 2010:**
Menningarmálanefnd breyttist í Menningar- og ferðamálaráð árið 2005. Árið 2007 samþykkti Menningar- og ferðamálaráð við fjárhagsgerð ársins 2008 að hækka viðurkenningarframlagið úr einni í eina og hálfa milljón króna í samræmi við þann heiður sem þessari tilnefningu á að fylgja. Hefur upphæðin numið þeirri fjárhæð síðan en þykir eðlilegt að hún sé hluti af fjárhagsáætlunarferlinu hverju sinni. Breyting á reglum samþykkt í menningar- og ferðamálaráði 26. apríl 2010 og í borgarráði 6. maí 2010.

Verklag

- Ábyrgð á undirbúningi – skrifstofustjóri menningarmála
- Ráðið minnt á í apríl að huga þurfi að útnefningu borgarlistamanns
- Skrifstofa menningarmála hefur safnað saman hugmyndum frá sviðsstjóra, forstöðumönnum menningarstofnana Reykjavíkurborgar o.fl. og kynnt þær fyrir ráðinu. Þá koma jafnan upp fleiri nöfn
- Ráðið ákveður útnefningu borgarlistamanns í maí. Skrifstofa menningarmála tilkynnir listamanni um útnefninguna og undirbúningur hefst í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
- Útnefningin fer fram við hátíðlega athöfn í Höfða þann 17. júní ár hvert. Borgarstjóri flytur ávarp og formaður menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs útnefnir borgarlistamanninn
- Samskiptateymi SBB aðstoðar við útsendingu fréttatilkynningar og boðar fjölmiðla í Höfða

Akureyri sem dæmi

- Bæjarlistamaður fær starfslaun – 2,7 m.kr. yfir árið og er verið að skoða hækkun – laun eru greidd án orlofsgreiðslu og launatengdra gjalda, mánaðarlegar launa- eða verktakagreiðslur
- Listafólk sækir um að verða bæjarlistamaður
- Faghópur fer yfir umsóknir
- Markmiðið með starfslaunum listamanna er að þau sem þau hljóta geti helgað sig betur listsköpun sinni á tímabilinu og sinni ekki öðru starfi samhliða í meira en hálfri stöðu á starfslaunatímanum
- Að loknu starfsári skal listamaðurinn gera grein fyrir starfi sínu með greinargerð til bæjarráðs og sýningu, flutningi eða upplestri á verki í frumflutningi eða frumbirtingu, allt eftir nánara samkomulagi og fær ekki greitt sérstaklega fyrir slíkt

Innlegg í umræður

- Er tilefni til að hækka heiðurslaun borgarlistamanns?
- MÍT tilnefningar borgarlistamann en viljum við opna valferlið og kalla eftir tillögum? Viljum við endurskoða valferlið að öðru leyti?
- Reglur þarfnast uppfærslu. Upphæð, rétt nafn á ráðið og ítarlegri upplýsingar, t.d. um hvernig valið fer fram.
- Engar kröfur eru gerðar um framkomu eða framlag borgarlistamanns á útnefningarárinu. Viljum við breyta því?
- Merki: Viljum við láta hanna merki fyrir viðurkenninguna sem handhafar geta notað á sínar vefsíður og samfélagsmiðla?
- Enskt heiti: Festa þarf enskt heiti yfir borgarlistamann. Í gömlum gögnum er talað um Reykjavík City's Honorary Artist. Er það gott og gilt?
- Hvernig getum við gert útnefningunni hærra undir höfði? Til að mynda með framleiðslu myndbands um útnefninguna sem skartar stuttu spjalli við borgarlistamanninn o.s.frv.